

Fundur haldin í hreppsnefnd Tjörneshrepps 8. nóvember 2022, klukkan 17:15 í Sólvangi.

Allir aðalmenn eru mættir. Oddviti setur fund og stjórnar honum.

1. Nýtt hjúkrunarheimili á Húsavík.  
Oddviti fór yfir stöðu málea er varða hjúkrunarheimilið. Kostnaður við verkefnið hefur aukist til muna og hlutur sveitarfélaganna aukist samkvæmt því.
2. Stefnunótunarfundur Sparisjóðsins 12. nóvember 2022.  
Lagt fram til kynningar.
3. Sameiginlegt umdæmisráð barnaverndarnefndar  
Fyrir liggja drög að samningi umdæmisráðs barnaverndar á landsvísu, erindisbréf valnefndar og viðauki við samning vegna stofnunnar og starfsemi umdæmisráðs barnaverndar á landsvísu. Samkvæmt innleiðingu á breytingu á barnaverndarlögum skulu öll sveitarfélög hafa skipað umdæmisráð fyrir 1. október.  
Hreppsnefnd Tjörneshrepps hefur áður samþykkt í tölvupósti að standa að umdæmisráði barnaverndar með öðrum sveitarfélögum á landsbyggðinni.
4. Erindi frá Emil Jóni Sigtryggssyni.  
Hreppsnefnd samþykkir að kaupa og setja upp í samvinnu við húseiganda í Steindal 2 svokallaða loft í vatn varmadælu samkvæmt ósk innsendanda.
5. Fjárhagsáætlun 2023 fyrri umræða.  
Tekjur: 52.025.000  
Gjöld: 44.156.000  
Rekstrarniðurstaða: 8.369.000
6. Fjárhagsáætlun – þriggja ára áætlun fyrri umræða  
2024  
Tekjur: 53.980.000  
Gjöld: 40.077.000  
Rekstrarniðurstaða: 13.903.000  
2025  
Tekjur: 54.935.000  
Gjöld: 42.418.000  
Rekstrarniðurstaða: 13.017.000  
2026  
Tekjur: 55.855.000  
Gjöld: 43.049.000  
Rekstrarniðurstaða: 12.806.000
7. Umboð til oddvita vegna nýs leigusamnings við Tungulendingu.  
Hreppsnefnd samþykkir að oddviti fái umboð vegna nýs leigusamnings við Tungulendingu.
8. Staða minkaveiða í Tjörneshreppi.  
Jón Gunnarsson minkabani mun láta af störfum um næstkomandi áramót. Oddvita er falið að auglýsa eftir nýjum manni í starfið. Hreppsnefnd þakkar Jóni fyrir vel unnin störf síðastliðin ár.

Fundi slitið 18:45.

Katý Bjarnadóttir  
Aðalsteinn J. Halldórsson  
Sveinn Egilsson

Jón Gunnarsson  
Smári Kárason